

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. október 1988 staðfest breytingu á staðfestu aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði. Breytingin er fólgin í aukinni fyllingu vestur af Sandbakka. Við það stækkar miðbæjarsvæði til vesturs og íbúðarsvæði við Leiðarhöfða stækkar til norðurs.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur samþykkt hana og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hún verði staðfest.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Keflavíkur að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, hefur bæjarstjórn Keflavíkur samþykkt á fundi sínum 4. október 1988 að áskilja Keflavíkurbæ forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og öðrum fasteignum í Keflavík.

Aðalgata:	2, 7a, 10, 11, 13, 14, 15, 16a, 17 og 19.
Hafnargata:	4, 6, 13, 16, 18, 20, 22, 24, 26, 28, 30, 34, 38, 39, 41, 42, 44, 45, 46, 47, 48, 50, 51, 53, 55 og 56.
Kirkjuvegur:	1, 3, 5, 17, 18, 28, 34 og 37.
Klapparstígur:	3, 5, 6 og 8.
Suðurgata:	1, 3, 5, 7, 9, 10, 11, 13, 16, 18, 19, 20, 22, 23, 23a, 25, 27, 29, 31 og 33.
Skólavegur:	2.
Tjarnargata:	6 og 18.
Túngata:	5, 9, 10, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 20, 22 og 23.
Vallargata:	4, 6, 7, 9, 10, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 30 og 31.
Vesturgata:	5, 11, 12a, 13, 14a og 15.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja og birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 345 frá 11. júlí 1984.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.